

Lög

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, og lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

I. KAFLI

Um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 41. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 1. mgr. og orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins ber að leita bestu mögulegra kjara, að teknu tilliti til gæða, á þeim vörum og þjónustu sem hún greiðir eða tekur þátt í að greiða samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI

Um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 3. mgr. 40. gr. laganna bætist nýr málslíður er verður 5. málsl. og orðast svo: Þegar fjallað er um athugasemdir Tryggingastofnunar ríkisins um lyfjaverð tekur fulltrúi Tryggingastofnunarinnar sæti í nefndinni.

III. KAFLI

Gildistaka.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

Samþykkt á Alþingi 20. desember 1996.